

## 2. fundur samstarfshóps um gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Friðland að Fjallabaki

Fundur var haldinn á Hellu 26. október 2017 kl. 14:00-16:00

### Fundarmenn:

Hákon Ásgeirsson, Umhverfisstofnun  
Hildur Vésteinsdóttir, Umhverfisstofnun (sem ritaði fundargerð)  
Kristinn Guðnason, Rangárþingi ytra  
Sigurgeir Guðmundsson, Rangárþingi ytra

### Dagskrá fundar

- Efni stjórnunar- og verndaráætlunar

### Fundarefni

#### Efni stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Friðland að Fjallabaki

Farið var yfir gróf drög að 2. kafla stjórnunar- og verndaráætlunarinnar þar sem rædd voru þau efnisatriði sem fyrirhugað er að taka fyrir í áætluninni. Hildur og Hákon munu vinna úr niðurstöðum umræðna. Meðal annars verður leitað eftir frekari upplýsingum frá Minjastofnun Íslands og skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra.

Stefnt er á að halda fund með hagsmunaaðilum þegar vinnan verður komin lengra og komnar hugmyndir að 3. kafla.

#### Næstu skref

Fulltrúar Umhverfisstofnunar halda áfram vinnu við drög að 1. og 2. kafla og senda á samstarfshópinn. Samstarfshópur mun huga að svæðaskiptingu og jafnframt undirbúningi fyrir fund sem haldinn verður með hagsmunaaðilum.